

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. marz.)

1. gr.

112. gr. orðist svo:

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Ef skýlaust sannað brot varðar sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi, er heimilt að ákveða á sama hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar slíka réttindasviptingu í 1 ár eða skemmri tíma. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og itrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, og verðmæti fer ekki fram úr kr. 3000.00.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt og hann telur viðurlög við brotinu eigi fara fram úr kr. 5000.00 sekt, og getur hann þá bréflega innan mánaðar, frá því honum barst kæran, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara.

Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr kr. 1000.00 sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal þá kæra send til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, saksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

Saksóknari ríkisins lætur lögreglustjóra í té skrá yfir brot þau, sem sektaheimild samkv. 2. og 3. mgr. nær til. Í skránni skal veita leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald og meðferð þessara mála að öðru leyti.

Senda skal saksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða sviptingu réttar til að öðlast slíkt leyfi eða sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða að mál, sem lokið er samkv. sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara. Ef um sektargerð lögreglustjóra er að ræða, getur saksóknari borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun lögreglustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.